

Kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi

Aðalfundur haldinn í Mývatnssveit 14.-15. okt. 2006

Stjórn málaályktun

Kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins fagnar þeim góða efnahagslega árangri sem hefur náðst á kjörtímabilinu. Framkvæmdir hafa verið miklar og kraftur í efnahagslífinu hefur skilað sér til almennings með stöðugum vexti kaupmáttar allt tímabilið.

Aðgerðir stjórnvalda hafa eflt atvinnulífið og bætt hag landsmanna meðal annars með lækkun skatta á heimili og fyrirtæki og innleiðingu frelsis í fjármálaviðskiptum.

Sömuleiðis hefur sú stefna stjórnvalda að efla atvinnu, m.a. með uppbyggingu stóriðju og nýtingu hinna endurnýjanlegu orkugjafa landsins, skilað miklum árangri og treyst efnahagslega stöðu landsbyggðarinnar.

Kjördæmisráð fagnar því að ríkisstjórnin hefur náð samkomulagi við Bandaríkjastjórn um varnarmál og varnarsmuni Íslands til framtíðar. Íslendingar verða sjálfir að vera virkari í eigin öryggismálum og þar með að tryggja rekstur ratsjárstöðva.

Sjálfstæðismenn í Norðausturkjördæmi lýsa yfir ánægju sinni með þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur boðað til lækkunar matvælavæðs, sem munu auka kaupmátt heimilanna í landinu.

Kjördæmisráðið minnir á að landbúnaðarframleiðsla og úrvinnsla landbúnaðarafurða eru mikilvægar atvinnugreinar í kjördæminu. Lögð verði áhersla á að aðgerðir til lækkunar matvælavæðs hafi ekki neikvæð áhrif á hag bænda og úrvinnslugreina.

Mikilvægt er að tryggja rekstrargrundvöll fiskvinnslunnar þar sem sjávarútvegur er kjölfesta byggðar á mörgum stöðum í kjördæminu.

Kjördæmisráð fagnar þeim fjölda hátæknistarfa sem skapast með tilkomu álvers í Reyðarfirði. Sjálfbær nýting allra auðlinda er stefna sem ríkið þarf að taka föstum tókum. Sjálfsagt er að þjóðin hagnýti sér auðlindir sínar og það verði gert með virðingu við náttúruna og umhverfið. Framundan er nýting jarðhitaauðlinda á Kröflusvæðinu og á Þeistareykjum til atvinnuuppbyggingar á Norðurlandi. Kjördæmisráð leggur áherslu á að þessi áform verði að veruleika á næsta kjörtímabili.

Sjálfstæðismenn leggja áherslu á umhverfisvernd. Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er stærsta verkefni í náttúruvernd hér á landi til þessa. Þjóðgarðurinn, sem verður hinn stærsti í Evrópu, mun ekki aðeins leggja grunn að verndun einstakrar náttúru þessa landsvæðis, heldur skapa nýja möguleika í ferðaþjónustu.

Góðar samgöngur eru forsenda eðlilegrar byggðapróunar. Kjördæmisráð fagnar gerð jarðganga milli þéttbýlissvæða. Styttling veglína milli staða er nauðsyn bæði frá öryggis-, umhverfis- og byggðasjónarmiðum. Öllum er ljós nauðsyn jarðganga undir Vaðlaheiði, sem og jarðganga milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Enn skal minnt á nauðsyn þess að ljúka lagningu slitlags á hringveginn, ásamt tengingum við öll þéttbýlissveitarfélög í kjördæminu. Kjördæmisráð telur vegtengingu kjördæmisins við aðra landshluta með heilsárs hálendisvegi raunhæfa framtíðarsýn innan tíu ára. Vegir í og um þjóðgarða eru á forgangslista ferðaþjónustu og öryggi krefst þess að virkjanir séu í góðri vegtengingu sem þá jafnframt nýtist ferðaþjónustunni.

Kjördæmisráð leggur áherslu á að góð fjarskipti á landinu verði tryggð með GSM sambandi á hringveginum, fjallvegum og ýmsum stofnleiðum. Háhraðatengingar eru sjálfsgöð krafa allra þegna í nútímasamfélagi.

Menningarstarf og menningartengd ferðaþjónusta er vaxandi þáttur í atvinnustarfsemi kjördæmisins. Kjördæmisráðið treystir því að lokið verði gerð menningarsamnings nú á haustdögum við Eyþing. Menningarsamningar við Austurland og Akureyri hafa sannað gildi sitt.

Góð menntun er lykilatriði í þróun samfélagsins. Kjördæmisráð leggur áherslu á að framhaldsskólarnir geti áfram boðið uppá fjölbreytt námsframboð og að nemendum verði gert kleift að stunda nám í eða frá heimabyggð. Háskólanum á Akureyri verði gert kleift að þróast á sömu forsendum og aðrir ríkisháskólar og efla rannsóknir og taka um leið enn ríkari þátt í atvinnusköpun í nærumhverfi sínu. Styrkja þarf enn frekar símenntun í kjördæminu. Sérstaka áherslu þarf að leggja á að gera þekkingarnetinu á Egilsstöðum mögulegt að taka þátt í rannsóknum í samvinnu við fyrirtæki á svæðinu og jafnframt að efla þekkingarsetrið á Húsavík. Fjarnám á háskólastigi víða í kjördæminu hefur verið lyftistöng fyrir samfélagið og það er sjálfsgöð að fjölga möguleikum á fjarnámi á grunn- og framhaldsskólastigi. Kjördæmisráð leggur áherslu á að námi í verk- og tæknigreinum á háskólastigi verði komið á sem fyrst í kjördæminu.

Góð heilbrigðisþjónusta er einn af hornsteinum samfélagsins þar sem allir landsmenn, óháð búsetu, eiga sama rétt. Nauðsynlegt er að tryggja rekstrargrundvöll heilbrigðisstofnana og gera þeim kleift að færa aukna þjónustu heim í hérað. FSA gegnir lykilhlutverk í heilbrigðisþjónustu kjördæmisins sem eina hátækni sjúkrahúsið utan höfuðborgarsvæðisins. Mikilvægt er að innanlandsflugvöllur verði áfram í Reykjavík svo að sjúkraflyg að og frá landsbyggðinni sé tryggt og að björgunarþyrla verði staðsett í kjördæminu.

Þjónusta við aldraða þarf að taka mið af þörfum og nútímabúsetuháttum. Tryggja þarf öldruðum þjónustu við hæfi hverju sinni án tafar. Það verður best gert með því að sveitarfélögin taki við þjónustunni.

Kjördæmisráð fagnar boðuðum úrbótum í þjónustu við geðfatlaða og leggur áherslu á að hún verði bætt. Mikilvægt er að geðþjónusta við börn og unglinga verði tryggð án tafar með því að færa þjónustuna heim í hérað, í skólana og nær fjölskyldunum.

Sjálfstæðismenn í Norðausturkjördæmi vilja gera sem flestum kleift að búa í eigin húsnaði. Sambærilegt framboð lánsfjármagns til íbúðarkaupna þarf að vera tryggt til íbúa landsbyggðarinnar og Íbúðalánasjóður veitir nú.

Sá kosningavetur sem nú fer í hönd gefur tækifæri til að efla enn frekar starf Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu. Flokkurinn stefnir að sigri í komandi alþingiskosningum.